

## Forsetapar Bandaríkja Norður-Ameríku

Einu sinni var sagt, að það tæki um tíu ár, áður en stefnur og straumar bærust frá Norður-Ameríku til Evrópu. En um okkar mundir tekur það miklu skemmri tíma. Það gildir einnig um það öldurót, sem nýr forseti hins hnignandi rísa veldur. Því er skynsamlegt að reyna að gera sér grein fyrir nýja parinu, sem innan skamms tekur sér bólfestu í Hvíta húsinu, sem svartir þrælar reistu.

Kamala Harris (f. 1964) hefur hlotið útnefningu sem varaforsetaefni Joseph Robinette Biden Jr. (f. 1942). Kamala er lögfræðingur að mennt. Hún þjónaði við saksóknaraembættið í San Francisco og var auk þess kosin til embættis ríkissaksóknara (attorney general) í Kaliforníu árið 2010, endurkjörin 2014. Mikið er látið með litarhaft hennar (svipað mínu, eftir viku dvöl í sól). Faðir hennar er kynblendingur (blakk- og bleikskinna), en móðirin er Indverji (þar um slóðir er alls konar litarhaft áberandi). Foreldrar Kamölu eru háskólamenntaðir. Kamala er talin fyrsti Suður-Asíubúinn og önnur konan af afrískum uppruna á alríkisþinginu.

Kamala hefur m.a. beitt sér með árangri gegn lagaklækjavörnum. Um er að ræða tilvik, þegar sakborningur hefur borið fyrir sig sjálfsvörn við áreitni af hálfu samkynhneigðra og kynskiptafólks, þ.e. hefur brugðist við með ofbeldi (gay panic defense). Mér er ekki kunnugt um, hvort hún styðji hliðstæða klækjavörn við réttarhöld gegn konum, sem drepa eiginkarla sína. Þær bera nefnilega fyrir sig heimilisofbeldi. En ég tel það víst.

En umfram allt er Kamala heittrúaður kvenfrelsari. Þessi orð lét hún sér um munn fara: „Fari svo, að ég-líka-samtalinu [byltingunni samkvæmt RÚV] ljúki án lagabreytinga, höfum við ekki einungis brugðist hinum hugrökku konum, sem stigu á stökk, heldur einnig næstu kynslóð kvenna, sem hreiðrar um sig á vinnustöðunum. Því er það, að í dag kynni ég sjálfseflingarlögin [empowerment act].“

Kamala átti vingott við forseta þingsins í Kaliforníu, Willie Brown (þrjátíu árum eldri) og þáði tæplega þrítug feit embætti fyrir tilstuðlan viðhaldsins. Einu sinni sögðu enskir þetta vera „að ríða upp á topp.“

Mér kæmi ekki á óvart, að Kamala taki við forsetakeflinu, eftir að forsetatíð Jóa Biden lýkur, eða fyrr, geispi hann golunni, áður en kjörtímabilið er á enda runnið.

Joseph Robinette Biden Jr. (f. 1942) er sömuleiðis lögfræðingur, varaforseti BNA frá 2009 til 2017. Meðal afreka hans á þingi var löggjöf um ofbeldi gegn konum (Violence Against Woman Act), þar sem hann vann náði með samtökum kvenfrelsara, sem sjálfir segjast hafa samið löggjöfina og tóku því heiðurinn. Löggjöfin var samþykkt 1984. Þessi löggjöf var fyrirboði samþykktar Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gegn konum, sem Íslendingar eru bundnir af. Engin löggjöf um ofbeldi gegn körlum hefur enn séð dagsins ljós. (Sjálfur var Jói barinn eins og harðfiskur af systur sinni í uppeldinu og bannað að spyrna gegn.)

Jói er ákafur talsmaður sýndardómstólanna við háskóla í BNA, þar sem karlmenn umvörpum tapa ærunni og eru „dæmdir“ til brottvísunar úr skóla.

Jói er í sérstöku uppáhaldi hjá baráttusamtökum fyrir réttindum samkynhneigðra karla og kvenna (lesbian, gay), tvíkynhneigðra og kynskiptafólks (LGBTQ), sem lýst hafa stuðningi við framboð hans til forseta BNA. Samtökin ku einkum berjast fyrir að viðhalda réttindum félagsmanna og auka þau - sér í lagi með tilliti til hjúskapar. Einnig er barist fyrir löggjöf

gegn mismunun og hatursglæpum. (Eftir því sem ég best veit er slík löggjöf þegar í gildi í BNA.)

Jói hefur skammað Dónald fyrir að banna hermennsku kynskiptafólks. Svo því banni verður væntanlega aflétt.

Jói er ákafur stuðningsmaður blakkskinna og styður andóf (gegn hverju veit ég eiginlega ekki) þeirra gegn mannvönsku í garð hörundsdökkra, sem er áberandi nú undir slagorðinu: „Líf blakkskinna skiptir máli (black lives matter).“

Eins og margir kynbræðra hans hefur Jói verið ákærður fyrir kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi; kossaf lens, strokur, kynýgi og rassgrip. En sjálfur lýsir hann sér sem „þreifingastjórnámamanni“ (tactile politician). Eitt dæmi um þetta eru uppljóstranir þingsmannsins frá Nevada, Lucy Flores (f. 1979). Hún virtist ekki hafa áhuga á að fara í ferilreiðtúr með Jóa árið 2014, þegar hann – samkvæmt uppljóstrun Lucy 2019 – „sýndi þann dónaskap að kyssa hana og þreifa, eftir að hafa boðist til að leggja henni lið í kosningabaráttu.“ Hún var greinilega á öðrum buxum en Kamala. En nákvæmari málsatvik virðast hafa verið þau, að Jói hafi komið aftan að henni, kysst hana á hnakkann, drukkið í sig ilminn úr hári hennar og snert herðar. Þannig hafi Jói snert hana „náinni snertingu, sem einungis var í boði fyrir nána vini, fjölskyldu og elskhuga – og ég var of máttvana til að sporna gegn,“ segir Lucy.

Í skilningsljósi okkar tíma er ekki ólíklegt, að uppljóstrunin hafi verið hugsuð sem „valdefling“ eða framaskot. En Lucy misreiknaði sig heiftarlega. Henni var álasað af kvenfrelsarahernum, sem heldur Jóa sem gæludýr - og talsmann meira og meira jafnréttis handa konum. Meira að segja herstjórnandi „ég-líka“ sefasýkisfaraldursins, Alyssa Milano, afneitaði Lucy. Fyrrum starfsmaður Jóa, Tara Reade, sagði farir sínar heldur ekki sléttar og bar á hann kynferðislega árás, sem átti að hafa átt sér stað árið 1993. Og fleiri hafa þær verið, sem kvartað hafa undan káfi Jóa karlsins. Ólíkt Alyssu lagði Kamala trúnað á framburð kynsystra sinna. En það gleymdist, þegar hún var útnefnd sem varaforsetaefni og „kynferðisafbrotamaðurinn“ bauð henni upp í forsetadans.

Parið, Jói og Kamala, býður af sér góðan þokka, ljúflingspar. Þeim mun örugglega ganga betur heldur en Dónaldi dóna að spjalla við leiðtoga annarra þjóða og koma sér í mjúkinn bæði hér og þar. En þau hafa því miður ekki skopskyn Dónalds. Varla munu þau t.d. bjóðast til að kaupa Frón og íslenska krónu! Ei heldur mun þeim takast að drepa Kínaveiruna í koki hinna frjálsu, í efnahagslífinu og á alþjóðavettvangi.

Líklega mun parinu koma vel saman. Og ég gæti sem best hugsað mér, að Kamala leyfi öldungnum eina og eina stroku um afturendann, þegar mikið liggur við, t.d. þegar auka á jafnrétti kvenna.

Það fara átta spennandi ár í hönd.